

Fundargerð

stjórnarfundar Félagsbústaða nr. 5 2020 haldinn fimmtudaginn 19. nóvember kl. 16:00 (fjarfundur)

Mætt: Haraldur Flosi Tryggvason, Laufey Ólafsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir og Sigrún Árnadóttir sem jafnframt ritaði fundargerð. Auk þess sat Kristinn Karel Jóhannsson, fjármálastjóri, fundinn.

1. Fundargerð

Fundargerð stjórnarfundar 23. september 2020 var samþykkt.

2. Ársfjórðungsuppgjör

Fyrir fundinum lá níu mánaða uppgjör, 1. janúar til 30. september 2020. Farið var yfir helstu niðurstöður og þær ræddar.

3. Skýrsla um starfsemina.

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu þætti í starfseminni á þriðja ársfjórðungi ársins.

4. Framsal stjórnvaldsákvörðunar

Farið var yfir úthlutunarreglur félagslegs leiguhúsnæðis og álit Ólafs Svanssonar lögmanns á ákveðnum þáttum þeirra.

Nokkrar umræður urðu. Var framkvæmdastjóra falið að óskað eftir leiðbeiningum Velferðasviðs Reykjavíkurborgar um framkvæmd tiltekinna ákvæða.

5. Endurskoðunarnefnd

Lagt var fram bréf frá innri endurskoðun vegna beiðni formanns stjórnar Félagsbústaða um álit endurskoðunarnefndar á því hver viðbrögð stjórnar félagsins skuli vera í ljósi álits reikningsskilaráðs nr. 1/2020 og álits reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 1/2020.

Að mati endurskoðunarnefndar kallar álitnið ekki á sérstök viðbrögð af hálfu stjórnar. Nefndin beinir því til stjórnar að fenginn verði óháður sérfræðingur á sviði reikningsskila til þess að aðstoða félagið við mat á félagslegum íbúðum sem leigðar eru út við gerð ársreiknings fyrir árið 2020.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að leita til óháðs aðila um mat á íbúðum fyrir gerð ársreiknings 2020 verði því við komið.

6. Samningar við Búseta

Erindi Búseta vegna kaupsamninga var tekið fyrir.

Framkvæmdastjóra var falið að ganga frá samningunum með langtíma hagsmuni af farsælu samstarfi við Búseta í huga.

7. Fundargerð áhættunefndar

Lagt fram til kynningar.

8. Fundargerð fjármögnunarhóps

Lagt fram til kynningar.

9. Önnur mál

a. Stjórnarfundur í desember

Ákveðið að fundurinn verði haldinn 17. desember.

b. Leigugreiðslur vegna milliflutninga

Stjórn var upplýst um að gjaldtöku vegna milliflutninga hafi verið frestað (þ.e. leigjandi heldur tveimur íbúðum í viku).

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 18.30.

Haraldur Flosi Tryggvason

Heiða Björg Hilmisdóttir

Laufey Ólafsdóttir

Sigrún Árnadóttir